

Sp.

180. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir 1982.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Nefndin flytur þó að venju sameiginlegar breytingartillögur nú við 2. umræðu málsins, með fyrirvara af hálfu minni hlutans, sem áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Í athugasemdum með frv. er þess getið, að reiknitala frv., sem byggt er á, sé miðuð við 33% hækkun verðlags og launa milli árána 1981 og 1982.

Í nýútkominni spá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1982 er hins vegar gert ráð fyrir 55% verðbólgu á árinu 1982 að óbreyttum aðstæðum.

Með þetta í huga þarf engum getum að því að leiða, að forsendur frv. miðað við ástand nú eru gjörsamlega út í hött.

Það liggur því í augum uppi, að eigi að afgreiða fjárlög fyrir árið 1982 svo eitthvert vit sé í, þá verður annað tveggja að gerast: að afgreiða það á grundvelli þeirrar spár sem Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að verði, eða að vitneskja fái um hvaða efnahagsráðstafanir ríkisstjórnin hyggst gera og fjárlögin eiga að byggjast á.

Önnur afgreiðsla og vinnubrögð eru auðvitað óraunsæ og alger blindingsleikur, sem hvorki ríkisstjórn og því síður Alþingi er sæmandi að viðhafa við afgreiðslu fjárlaga.

Þá segir í athugasemdum með frv., að þrjú meginmarkmið séu grundvöllur frv. og þeirrar efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin fylgi:

1. Að draga úr verðbólgu, jafnhliða því sem áhersla sé lögð á að halda uppi viðunandi kaupmætti almennra launa.
2. Að tryggja afkomu atvinnuvega.
3. Að tryggja fulla atvinnu um land allt.

Að því er varðar verðbólguna, þá er með ýmsum hætti og ýmsum mælistikum hægt að mæla hana að eigin vild.

Hin raunverulega mælistika og trúverðugasta er budda heimilanna. Það er sú mælistika sem öruggast segir til um afkomu fólks. Ríkisstjórnin redbist eins og rjúpan við staurinn að telja þjóðinni trú um að verðbólgan sé í ár aðeins 40%. Budda launafólksins segir allt aðra og trúverðugri sögu um þróun verðbólgu.

Öllu launafólki í landinu ber saman um að aldrei hafi verið jafnerfitt og nú að framfleyta heimilunum og láta tekjur nægja fyrir brýnustu nauðpurftum.

Og hvað með markmið ríkisstjórnarinnar að tryggja afkomu atvinnuveganna?

Auðséð er öllum, sem sjá vilja, að fjöldi fyrirtækja í aðalatvinnugreinum þjóðarinnar, fiskveiðum og fiskvinnslu, eru að stöðvast og sum þegar stöðvuð vegna rekstrarerfiðleika. Við blasir alger stöðvun fiskveiðiflotans um næstkomandi áramót og lokun fiskvinnslu-stöðva. Togarafloti landsmanna hefur verið gerður út nær hálf tilið til veiða á fisktegundum, sem vægast sagt eru verðlitlar fyrir þjóðarbúið, en þó er togurunum fjölgað sem á færibaldi sé.

Stjórnkænska það — eða hitt þótt heldur.

Kreppuástand blasir við í iðnaði landsmanna, og svo mætti lengi telja.

Kallast þetta að tryggja afkomu atvinnuveganna?

Og þá er komið að hinu þriðja meginmarkmiði sem ríkisstjórnin telur frv. byggjast á, en það er að tryggja fulla atvinnu um land allt. Það er hið eina sem nokkurn veginn fær staðist, að atvinna **hefur verið** víðast hvar næg, en víða ber á tíma- og staðbundnu atvinnuleysi. Atvinnuástand er því ótryggt.

En hvers vegna er hér ekki fjöldaatvinnuleysi?

Undirritaður heldur því fram, að hér hafi haldist atvinna vegna hinna lágu launa sem staðreynd er að launþegar búa við.

Ísland er láglaunasvæði samanborið við okkar nágrannalönd, og gefur auga leið að það er miklum mun auðveldara að halda uppi atvinnu í landi þar sem kaup er mjög lágt eins og hér. Það er því ítrekað, að hér er haldið uppi atvinnu í skjóli hinna lágu launa, samanborið við okkar nágrannabjórdir. Það er hins vegar tímaspursmál, hvenær hér brestur á atvinnuleysi verði fram haldið sem horfir á braut þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur farið og boðar.

Eins og áður sagði er frv. byggt á 33% hækkun milli ára og ríkisstjórnin segir að haldið verði uppi hinu strangasta aðhaldi og sparnaði í ríkiskerfinu. En hver trúir nú svona fullyrðingum þegar fyrir liggur að frv., eins og það var lagt fram, gerði ráð fyrir að hækkun í yfirstjórn ráðuneytanna, þ. e. hjá ríkisstjórninni sjálfri, verði frá 40% og allt upp í 97.2%?

Það er augljóst, að aðhaldi eða sparnaði í ríkiskerfinu er ekki fyrir að fara, þar þenjast stofnanir út og bólgná. Þetta er ráðsmennska hæstv. ríkisstjórnar, allt upp í 97.2% hjá henni sjálfri, á sama tíma og telja á þjóðinni trú um að verðbólgan á næsta ári verði ekki nema 33%. **Vei, yður hræsnarar**, hefði einhvern tíma verið sagt.

Athyglisvert er það hrós, sem hæstv. ríkisstjórn eignar sér í sambandi við hin stórauðnu innlán í banka og sparisjóði landsins. Allir vita að ástæðan fyrir þeim jákvæða árangri, sem náðst hefur á þessu sviði, er sú verðtryggingarstefna, sem Alþýðuflokkurinn fékk **samþykkt** og verið hefur í gildi í þrjú ár.

Það er óskammfeilni af hæstv. ríkisstjórn að falska svo staðreyndir að eigna sér þessa þróun.

Hins hefði hæstv. ríkisstjórn átt að láta getið í frv., að hún hafi svikið þann þátt verðtryggingarstefnunnar sem fylgja átti með og var breyting útlána með lengingu lánstíma og þannig léttari greiðslubyrði fyrst og fremst hjá því fólki sem stendur í húsbýggingum.

Þetta hefur hæstv. ríkisstjórn **svikið**, en látið ógetið.

Þá er ljóst, að skattbyrði milli ára verður aukin þrátt fyrir gefin loforð um hið gagnstæða.

Sérstakt gjald á nú að setja á raforku eftir stofnlínum að upphæð 40 milljónir króna.

Og enn ætlar hæstv. ríkisstjórn að svíkjust aftan að þeim íbúum þessa lands, sem búa við hæst orkuverð, og er að verða þess valdandi, að einhver mesta byggðaröskun eigi sér stað.

Þannig er gert ráð fyrir að orkujöfnunargjald, sem nú er búið að gera að almennum tekjustofni fyrir ríkissjóð, en var í upphafi sett á til að jafna kostnað vegna húshitunar, gefi í tekjur til ríkissjóðs **191 millj. kr.** eða rösklega **19 milljarða gamalla króna**, en af þeirri upphæð ætlar hæstv. ríkisstjórn einungis að verja **30 millj. kr.** eða **3 milljörðum gamalla króna** til jöfnunar húshitunar.

Rúmlega **160 millj. kr.** eða **16 milljarða gamalla króna** ætlar hæstv. ríkisstjórn í raun og veru að **svíkja út úr þessu fólki og er það hámark ósvífninnar gagnvart þeim sem hér eiga hlut að máli**. Verður vart trúað að þeir þingmenn stjórnarliðsins, sem eru fulltrúar fyrir þetta fólk, láti hafa sig til slíkra óhæfuverka.

Ekki verður um fjárlagafrumvarp og lánsfjáráætlun fjallað án þess að minnast á þá fyrirætlun hæstv. ríkisstjórnar að auka enn bindiskyldu hjá bönkum og sparisjóðum, auka kaupskyldu lífeyrissjóða úr 40% í 45% og lögleiða sérstök refsíákvæði í því sambandi.

Að því er lífeyrissjóðina varðar er hér stefnt að hreinni **eignaupptöku og fjársektum** og líklega enn frekari **viðurlögum**, reyni það fólk, sem á fjármagn lífeyrissjóðanna, að bera hönd fyrir höfuð sér.

Í fylkingarbrjósti þessara aðfara að lífeyrissjóðum er hæstv. fjármálaráðherra, einn af foringjum Alþýðubandalagsins og fulltrúi félagshyggjunnar og lítilmagnans í þjóðfélaginu að eigin sögn.

Það hefur áður komið fram, að núverandi hæstv. ríkisstjórn virðist lifa fyrir það eitt að sitja meðan sætt er. Þar um virðist engu breyta þó efnahagslífið og efnahagsstefnan séu helsjúk.

Ríkisstjórnin ætlar sér, svo lengi sem fært er, að lifa á þeim sjóðum, sem fyrir voru, og vera í eilífum millifærsluleik með fjármuni. Auðvitað kemur að því fyrr en seinna, að þeim leik verður að hætta, og því fyrr því betra. Og nú er svo komið, að sumir hverjir hæstv. ráðherra eru farnir að eygja og hræðast þann raunveruleika. Örlítil rífa, nóg til þess væntanlega að skíma myndist, hefur opnast fyrir augum þeirra og sýnir að hverju er stefnt.

Grundvöllur þess fjárlagafrumvarps, sem hér er nú til annarrar umræðu, er hvorki fugl né fiskur.

Þær forsendur, sem frv. gerir ráð fyrir, eru ekki fyrir hendi.

Við blasir að flestir atvinnuvegasjóðir landsmanna eru tómir og lifað er á erlendum lántökum, meira að segja til rekstrar á ríkisyfirtækjum, og er þá langt gengið.

Hér hafa aðeins verið nefnd örfá dæmi, sem sýna hversu óraunhæft þetta frv. er, en fjölmörg önnur mætti nefna. Meginkjarni málsins er sá, að hæstv. ríkisstjórn byggir stefnu sína og störf og þar með fjárlagafrumvarp á svo ótraustum grunni sem frekast má vera.

Fari svo sem allt bendir til, að hæstv. ríkisstjórn haldi áfram á þessari villubraut og láti afgreiða fjárlög fyrir árið 1982 án tillits til þeirra staðreynda, sem fyrir liggja og sýnt hefur verið fram á að eru með þeim hætti að fjárlögin sem slík verða ómerk, er ábyrgð hennar mikil.

Það er vissulega mikill ábyrgðarhluti hjá hæstv. ríkisstjórn að beita þeim blekkingum, sem raun ber vitni, að allt sé í besta lagi, allt sé slétt og fellt, eins og hæstv. forsætisráðherra segir.

Þjóðin á heimtingu á því, að henni sé sagður sannleikurinn, því fyrr en seinna kemur hann í ljós og dregur að skuldadögum hjá núverandi hæstv. ríkisstjórn.

Haldi hún áfram á sömu braut verður fall hennar mikið, sem út af fyrir sig er ekki ástæða til að harma. En þeim mun alvarlegra er að hún dregur lífskjör launafólks og efnahagslegt öryggi þjóðarinnar með sér í því falli.

Undirritaður mun fyrir hönd Alþýðuflokksins freista þess að færa til betri vegar nokkra þætti frv. og flytur því á sérstöku þingskjali breytingartillögur til undirstrikunar á nokkrum stefnumörkunarátriðum Alþýðuflokksins í efnahags- og fjármálum. Þessar tillögur eru ekki til hækkunar útgjalda, heldur að verulegu leyti tilfærsla milli útgjaldaflokka, en einnig til beinnar lækkunar útgjalda.

Meginefni breytingartillagnanna er lækkun tekjuskatts um 20%, sem er liður í þeirri stefnu Alþýðuflokksins að afnema í áföngum tekjuskatt af almennum launatekjum. Þá er gert ráð fyrir lækkun á eignarskatti einstaklinga, einnig um 20%. Gert er ráð fyrir lækkun söluskatts um 1%.

Allar eru þessar tillögur í samræmi við þá stefnu Alþýðuflokksins, að lækkun skatta á launafólki miðað við núverandi aðstæður sé raunhæfasta kjarabótin, ekki hvað síst þeim lægst launuðu til handa. Gert er ráð fyrir lækkun skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði um 50% og það gert í ljósi þeirra breyttu viðhorfa, sem skapast hafa vegna verðtryggingarstefnunnar og einnig stórhækkaðs fasteignamats.

Þá er gert ráð fyrir lækkun framlaga til Bifreiðaeftirlits ríkisins og þá fyrst og fremst höfð í huga skipulagsbreyting innan þeirrar stofnunar, sem nauðsynleg er, eins og raunar hefur margóft komið fram.

Gert er ráð fyrir lækkun framlaga til Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Ekki er síður þar

en hjá Bifreiðaeftirlitinu, heldur miklu fremur, nauðsyn endurskoðunar og skipulagsbreytinga á stofnuninni eigi hún að þjóna þeim tilgangi, sem ætlað var.

Þá er gert ráð fyrir lækkun framlaga ríkissjóðs vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir og einnig vegna niðurgreiðslna á vöruverði svo og lækkun framlaga samkvæmt jarðræktarlögum.

Gert er ráð fyrir hækkun framlaga vegna nýrra búgreina, og hagræðingar og einnig til Jarðasjóðs. Þá er gert ráð fyrir að liðurinn „vegna launa og verðlagsmála“ falli niður.

Hér hafa verið raktar í örstuttu máli þær meginbreytingartillögur, sem undirritaður flytur við þessa umræðu fjárlagafrv. f. h. Alþýðuflokksins. Eins og áður sagði miða þær að því að færa til betri vegar nokkra þætti frv. og eru jafnframt hlekkur í þeirri skynsamlegu og nauðsynlegu stefnu, sem Alþýðuflokkurinn hefur boðað að þurfi að taka upp við stjórn efnahags- og fjármála. Frekari grein mun verða gerð fyrir breytingartillögum við 2. umræðu um frv.

Á hjálögðu fylgiskjali eru sýnd áhrif breytingartillagna Alþýðuflokksins.

Alþingi, 12. des. 1981.
Karvel Pálmason.

Fylgiskjal.

ÁHRIF BREYTINGARTILLAGNA

	Lækkun útgjalda og hækkun tekna Kr.	Hækkun útgjalda og lækkun tekna Kr.
1. Lækkun eignarskatts		18 000 000
2. Lækkun skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði		16 000 000
3. Lækkun tekjuskatts		192 000 000
4. Lækkun söluskatts		127 000 000
5. Hækkun á rekstrarhagnaði ÁTVR	40 000 000	
6. Hækkun á framlagi til Jarðasjóðs		2 000 000
7. a) Lækkun jarðræktarframlags	9 000 000	
b) Lækkun á framlagi til framræslu	2 000 000	
c) Hækkun á framlagi til nýrra búgreina		5 000 000
8. Lækkun á útflutningsuppbótum	24 000 000	
9. Lækkun á Framleiðslueftirliti sjávarafurða	5 000 000	
10. Lækkun á Bifreiðaeftirliti ríkisins	4 000 000	
11. Liður til ráðst. vegna efnahagsáðgerða falli niður	140 000 000	
12. Lækkun niðurgreiðslna	200 000 000	
	<hr/>	<hr/>
Mismunur:	424 000 000	360 000 000
		64 000 000